



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 16/2026

**Upplýsingagjöf og viðskiptahættir Sannra Landvætta  
vegna gjaldskyldra bílastæða.**

**I.**

**Málavextir**

1. Með bréfi Neytendastofu, dags. 27. október 2025, var Sönnum Landvættum tilkynnt að stofnunin hafi ákveðið að framkvæma úttekt á upplýsingagjöf og viðskiptaháttum fyrirtækja sem sinna gjaldheimtu fyrir bílastæði. Hafi stofnunin af því tilefni farið í vettvangsathugun á landsbyggðinni, dagana 3. til 26. september 2025.
2. Þau bílastæði sem rekin eru af Sönnum Landvættum og skoðuð voru í fyrrnefndri vettvangsathugun séu staðsett við Kirkjufellsfoss, Hveri við Námaskarð og Viking Park við Hjörleifshöfða. Í kjölfarið var gerð grein fyrir skoðun Neytendastofu á eftirfarandi hátt:

Bílastæði við Kirkjufellsfoss:

*„Við skoðun á bílastæðinu kom í ljós að ekki var getið til um fjárhæð færslugjalds sem leggjast kann á neytendur við greiðslu fyrir afnot bílastæðis með stafrænni greiðslulausn. Þá kemur að mati Neytendastofu til álita hvort að fjárhæð vangreiðslugjalds sé komið á framfæri við neytendur á skýran, áberandi og aðgengilegan hátt með tilliti til staðsetningar og leturstærðar.“*

Bílastæði við Hveri við Námaskarð:

*„Við skoðun á bílastæðinu kom í ljós að ekki var getið til um fjárhæð færslugjalds sem leggjast kann á neytendur við greiðslu fyrir afnot bílastæðis með stafrænni greiðslulausn. Þá kemur að mati Neytendastofu til álita hvort að fjárhæð vangreiðslugjalds sé komið á framfæri við neytendur á skýran, áberandi og aðgengilegan hátt með tilliti til staðsetningar og leturstærðar.“*

Bílastæðið Viking Park við Hjörleifshöfða:



„Við skoðun á bílastæðinu var ekki að finna verðskrá. Þá kemur að mati Neytendastofu til álita hvort að neytendum séu með nægilega skýrum hætti veittar upplýsingar um gjaldskyldu þegar keyrt er inn á svæðið.“

3. Það sé álit Neytendastofu að ákvæði 1. mgr. 8. gr., b. og d. liðar 1. mgr. 9. gr., 2. mgr. 9. gr., sbr. 5. gr., 13. gr. og 17. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, ásamt 1. og 2. mgr. 3. gr. og 1. og 3. mgr. 4. gr. reglna nr. 537/2011, um verðupplýsingar við sölu á þjónustu kunni að eiga við um ofangreinda viðskiptahætti.
4. Óskaði Neytendastofa í kjölfarið eftir skýringum og/eða öðrum athugasemdum félagsins við erindi stofnunarinnar.
5. Svar Sannra Landvætta barst Neytendastofu, dags. 15. desember 2025. Í bréfinu kom fram að Sannir Landvættir sé félag sem komið hafi verið á fót til að bjóða upp á allan undirbúning, hönnun, fjármögnun og framkvæmdir við uppbyggingu ferðamannastaða af öllum stærðum sem og rekstur þeirra til framtíðar ef svo beri undir. Félagið hafi stofnað dótturfélög í kringum verkefni á einstaka landsvæðum en félögin séu öll í meirihluta eigu Sannra Landvætta. Þá var bréfinu í kjölfarið skipt upp eftir bílastæðum félagsins.
6. Hvað varði bílastæði hjá Kirkjufellsfossi kom fram að þegar neytandi leggur í gjaldskylt bílastæði að Kirkjufellsfossi bjóðist honum að greiða á staðnum með greiðslu í greiðsluvél, í gegnum heimasíðu félagsins eða með greiðslu í gegnum greiðslulausn þriðja aðila, þ.e. EasyPark. Kjósi neytandi að greiða á staðnum eða í gegnum greiðslulausn Sannra Landvætta, greiðist ekki sérstakt færslugjald. Kjósi neytandi aftur á móti að greiða í gegnum greiðslulausn EasyPark, kunni að leggjast á færslugjald sem EasyPark ákveði og leggi á, og neytandi sé upplýstur um við notkun greiðslulausnarinnar. Neytendum sé því gefinn kostur á að velja greiðsluleið til að greiða fyrir afnot af bílastæðum á vegum félaganna, sem sé neytendum til hægðarauka.
7. Þá kom fram að hægt sé að nýta þjónustu EasyPark víða erlendis og þeirra þjónusta sé mörgum kunnug. Þar sem stór hluti neytenda séu erlendir ferðamenn, telji félögin sig vera að stuðla að góðum viðskiptaháttum með því að veita neytendum val um greiðslulausn sem þau þekkja. Þá kom fram að færslugjald sem neytandi greiðir við notkun greiðslulausnar EasyPark sé háð skilmálum og ákvörðun EasyPark á hverjum tíma. Þá kunni neytendur einnig að vera í mánaðarlegri áskrift hjá EasyPark og greiði þá mánaðargjald í stað færslugjalds. Þá kom fram að nýting greiðslulausnar EasyPark sé hvorki forsenda né skilyrði fyrir nýtingu á bílastæðþjónustu dótturfélaga Sannra Landvætta, þar sem neytendum standi til boða að greiða fyrir afnot með því að nota greiðslulausn dótturfélaga Sannra Landsvætta án endurgjalds, eða með því að nota greiðsluvél á staðnum. Færslugjald falli því aðeins til ef neytendur kjósi að nýta sér



greiðslulausn EasyPark, með sama hætti og gjöld kunni að leggjast á færslur greiðslukorta sem neytendur noti til að greiða fyrir vörur eða þjónustu.

8. Þá kom fram að Sannir Landvættir og dótturfélög þess telji færslugjöld eða mánaðargjöld sem EasyPark leggi á viðskiptavinum sína, ekki varða veitingu dótturfélaga Sannra Landvætta á verðupplýsingum fyrir þjónustu sem þau veita og því ekki varða reglur nr. 537/2011. Umrædd færslugjöld séu ekki hluti af verði þjónustunnar, enda sé samkvæmt framansögðu hægt að greiða fyrir hana án þess að nota greiðslulausn EasyPark. Þá kom fram að Sannir Landvættir og dótturfélög þess hafi eðli málsins samkvæmt ekki forræði á því hvort og að hvaða marki EasyPark innheimti færslugjöld af viðskiptavinum sínum, enda sé um að ræða viðbótarþjónustu sem þriðji aðili veitir og rukkar fyrir. Telja Sannir Landvættir og dótturfélög þess að það hljóti þar með að vera á ábyrgð EasyPark að upplýsa neytendur um öll þau gjöld, sem leggist á við notkun greiðslulausnarinnar, sbr. 1. mgr. 3. gr. reglnanna, sem veitandi þeirrar þjónustu með sama hætti og útgefendur greiðslukorta upplýsi viðskiptavinum sína um gjöld sem leggist á færslur þegar þau eru notuð til greiðslu.
9. Þá var bent á að úrval greiðslulausna þriðju aðila sé sífellt að aukast og ekki sé útilokað að neytendum muni standa til boða að nota fleiri slíkar lausnir til að greiða fyrir þjónustu á svæðum dótturfélaga Sannra Landvætta. Sannir Landvættir og dótturfélög þess telji óraunhæft að gera þá kröfu að þau verði að tilgreina fjárhæð færslugjalds eða annarra sambærilegra gjalda rekstraraðila slíkra greiðslulausna á svæðunum, enda hafi félögin ekkert forræði á fjárhæð slíkra gjalda eða breytingum þeirra. Þá kom fram að krafa um að tilgreina þurfi verðbil hjá hverjum einasta rekstraraðila gæti raunar frekar leitt til þess að upplýsingagjöf til neytenda verði torskildari og auka líkur á að upplýsingar verði misvísandi þar sem félögin hafi ekki forræði á færslugjöldum greiðslulausnanna. Því telji félögin að slík krafa myndi vinna gegn settum markmiðum um skýrar og aðgengilegar verðupplýsingar fyrir neytendur og hamla möguleikum félaganna á að veita frekara úrval greiðsluleiða sem sé neytendum til hægðarauka.
10. Þá kom fram að dótturfélögum Sannra Landvætta sé þó umhugað að upplýsa neytendur um að gjald leggist á við notkun greiðslulausnar EasyPark og hafa því lagt til að sérstaklega sé tekið fram á skiltum að færslugjald leggist á. Samkvæmt framansögðu telja dótturfélög Sannra Landvætta þó nær útilokað að tilgreina nákvæma fjárhæð eða verðbil færslugjalds á skiltum sínum þar sem þau hafa ekki forræði á ákvörðun um innheimtu eða fjárhæð slíkra færslugjalda eða hvort þau á annað borð greiðist, þ.e. vegna mánaðaráskriftar, heldur EasyPark sem rekstraraðili viðkomandi smáforrits sem neytendur eru í viðskiptasambandi við.



11. Þá kom fram að við innkeyrslu á gjaldskylt svæði að Kirkjufellsfossi sé að finna skilti er kveði á um gjaldskyldu. Þá er einnig að finna skilti við greiðsluvél þar sem kveðið er á um gjalddöku og neytendur upplýstir um aðrar greiðsluaðferðir, hvort sem það sé í gegnum EasyPark eða vefsíðu Sannra Landvætta. Að auki séu skilti á gönguleiðum um svæðin með QR kóða sem leiðir inn á vefsíðu Sannra Landvætta þar sem hægt sé að ganga frá greiðslu sem og upplýsingar um verð og aðra gjalddöku.
12. Þá kom fram að í kjölfar móttöku bréfs Neytendastofu hafi dótturfélög Sannra Landvætta ákveðið að grípa til frekari aðgerða til að koma til móts við athugasemdir Neytendastofu. Áætlað sé að uppfæra skilti við innkeyrslu inn á gjaldskyld svæði á þann hátt að þau tilgreini að færslugjöld bætist við greiðslu ef notast er við smáforrit. Enn fremur hefur leturstærð vegna fjárhæðar vangreiðslugjalds verið stækkuð til samræmis við önnur gjöld sem tilgreind eru á skiltunum á gjaldsvæðum við Kirkjufellsfoss og Hveri. Á öllum gjaldsvæðum í rekstri dótturfélaga Sannra Landvætta er fyrirhugað að orðum á skiltum við innkeyrslu verði fækkað til að beina athygli neytenda betur að upplýsingum um gjalddöku. Enn fremur verða verðmerkingar eftir tegund bifreiða færðar ofar á skiltin svo þau séu í betri sjónlínu við öikumenn.
13. Þá kom fram að með framangreindum aðgerðum telji félögin neytendur vera nægilega upplýsta um að annar kostnaður bætist við söluverð vegna gjaldskyldra bílastæða í rekstri félagsins, í samræmi við 3. gr. reglna nr. 537/2011, ef fjárhæð kostnaðarins sé háð ákvörðunarvaldi og viðskiptasambandi neytenda og rekstraraðila greiðslulausna hverju sinni eins og áður var nefnt.
14. Þá telji félögin að viðskiptahættir þeirra varði ekki 1. mgr. 8. gr. laga nr. 57/2005, enda raski þeir hvorki né séu þeir líklegir til að raska verulega fjárhagslegri hegðun neytenda. Við mat á því hvort háttsemi félagsins teljist óréttmæt í skilningi laganna ber að skoða hvort háttsemin geri það að verkum að neytandi taki ákvörðun um að eiga viðskipti sem hann hefði annars ekki tekið, sbr. athugasemdir við d. lið 2. gr. breytingarlaga nr. 50/2008. Þá kom fram að óumdeilt sé að neytendur séu upplýstir um að viðbótargjald kunni að leggjast á við nýtingu greiðslulausnar þriðja aðila. Við slíka upplýsingagjöf séu neytendur líklegri til að nýta sér greiðslulausn Sannra Landvætta eða greiðsluvél á staðnum, ef við á, án sérstaks endurgjalds. Þá kom fram að neytendum séu ekki veittar villandi upplýsingar í skilningi d. liðar 1. mgr. 9. gr. laga nr. 57/2005. Félögin telji sig ekki veita rangar upplýsingar um verð þjónustu eða aðferð við útreikning á verði eða hvort um annað verðhagræði sé að ræða og hvort það sé háð skilyrðum í skilningi ákvæðisins. Þá sé það mat félaganna að upplýsingagjöf þess um að viðbótargjald kunni að leggjast á við notkun greiðslulausnar þriðja aðila sé ekki í andstöðu við 2. mgr. 9. gr. laga nr. 57/2005, sem kveði á um að viðskiptahættir séu villandi ef ekki sé greint frá upplýsingum sem telja megi



að almennt skipti máli fyrir neytendur eða þeim er leynt og þær séu til þess fallnar að hafa áhrif á ákvörðun neytenda um að eiga viðskipti.

15. Hvað varði bílastæðið við Hveri við Námaskarð var vísað til umfjöllunar um bílastæðið við Kirkjufellsfoss.
16. Hvað varði bílastæði við Viking Park að Hjörleifshöfða kom fram að á þeim tíma sem Neytendastofa hafi farið í vettvangsferð að Hjörleifshöfða höfðu skilti með upplýsingum um gjaldskyldu orðið fyrir tjóni vegna veðurfars. Nýju skilti hafi nú verið komið upp við innkeyrslu inn á gjaldskylt bílastæðið. Þá áréttaði félagið að á svæðinu sé hvorki til staðar greiðsluvél né séu lögð á vangreiðslugjöld ef ekki sé greitt fyrir afnot gjaldskylds bílastæðis. Hafi því engir neytendur þurft að greiða fyrir afnot á meðan svæðið var án merkinga um gjaldskyldu.
17. Félagið vilji vekja athygli stofnunarinnar á því að dótturfélög þess hafi áður verið með stærri skilti en séu á bílastæðum í þeirra umsjón. Stærri skilti hafi tekið á sig meiri vind og hafi því gjarnan orðið fyrir veðurtjóni, auk þess að fela í sér aukna áhættu á eignarspjöllum og slysaáttu fyrir gangandi vegfarendur.
18. Þá var vísað til umfjöllunar um bílastæðið að Kirkjufellsfossi er varðar umfjöllun um fjárhæð færslugjalds. Þá kom fram að eins og áður var vikið að séu ekki lögð á vangreiðslugjöld þegar neytendur greiði ekki fyrir afnot gjaldskylds bílastæðis samhliða notkun að Hjörleifshöfða. Neytendur hafi þó valkost um að greiða fyrir afnot í gegnum heimasíðu Sannra Landvætta eða með greiðslulausn EasyPark.
19. Meðfylgjandi bréfinu voru myndir af skiltum við innkeyrslur, skilti við greiðsluvélar, skilti á gönguleiðum og við útkeyrslu, uppfærð skilti við innkeyrslu auk myndar af nýju skilti við Viking Park að Hjörleifshöfða.
20. Með bréfi Neytendastofu, dags. 12. mars 2026, var félaginu tilkynnt að gagnaöflun málsins væri lokið og að málið yrði tekið til ákvörðunar hjá stofnuninni.

## II. Niðurstaða.

21. Mál þetta lýtur að upplýsingagjöf og viðskiptaháttum Sannra Landvætta ehf. að því er varðar verðupplýsingar á bílastæðum dótturfélaga félagsins við Kirkjufellsfoss, Hveri við Námaskarð og Viking Park að Hjörleifshöfða. Taldi stofnunin að ákvæði 1. mgr. 8. gr., d. liðar 1. mgr. 9. gr. og 2. mgr. 9. gr., sbr. 5. gr., og 17. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með



viðskiptaháttum og markaðssetningu, auk 1. og 2. mgr. 3. gr. og 1. og 2. mgr. 4. gr. reglna nr. 537/2011, um verðupplýsingar við sölu á þjónustu, kynnu að eiga við í málinu.

22. Í svörum Sannra Landvætta hefur komið fram að neytendum bjóðist að greiða í greiðsluvél, í gegnum heimasíðu félagsins eða með smáforriti sem sé greiðslulausn frá þriðja aðila. Tvær fyrrnefndu greiðsluleiðirnar beri ekki færslugjöld en gjöld tengt notkun smáforrits byggji á samningssambandi neytanda við rekstraraðila þess. Eftir athugasemdir Neytendastofu var upplýsingum bætt á skilti þar sem athygli er vakin á því að greiða þurfi færslugjald við notkun smáforrits. Á skiltum við Kirkjufellsfoss og Hveri við Námaskarð hafi leturstærð vangreiðslugjalds og fjárhæðar þess verið stækkað og unnið verði að því að fækka orðum á skiltum til að auka sýnileika upplýsinganna. Þá kom fram í svörum Sannra Landvætta að merkingar við Viking Park að Hjörleifshöfða hafi vantað vegna aðstæðna sem félagið hafði ekki stjórn yfir en neytendur hafi ekki þurft að greiða fyrir viðveru á bílastæðinu á meðan svæðið var án merkinga. Á svæðinu hafi hvorki verið greiðsluvél né lögð á vangreiðslugjöld ef ekki væri greitt fyrir viðveru.
23. Ákvæði 5. gr. laga nr. 57/2005 leggur almennt bann við óréttmætum viðskiptaháttum, áður en, á meðan og eftir að viðskipti með vöru fer fram eða þjónusta er veitt. Hvað teljist til óréttmætra viðskiptahátta er nánar tilgreint í III. – V. kafla laganna. Í 1. mgr. 8. gr. er um það fjallað að viðskiptahættir séu óréttmætir ef þeir brjóta í bága við góða viðskiptahætti og raska verulega, eða eru líklegir til að raska verulega, fjárhagslegri hegðun neytenda. Samkvæmt 2. málsl. 1. mgr. 8. gr. eru þeir viðskiptahættir sem brjóta í bága við ákvæði III. kafla alltaf óréttmætir. Við mat á því hvort um óréttmæta viðskiptahætti sé að ræða skv. ákvæðinu er litið til þess hvort háttsemin geri það að verkum að hinn almenni neytandi taki ákvörðun um að eiga viðskipti sem hann hefði ekki tekið og raski þar með fjárhagslegum hagsmunum hans eða hafi áhrif á fjárhagslega hegðun. Í 1. mgr. 9. gr. er um það fjallað að viðskiptahættir teljist villandi ef þeir eru líklegir til að blekkja neytendur, t.d. með almennri framsetningu þó gefnar séu upp réttar staðreyndir, eða ef neytendum eru veittar rangar upplýsingar í þeim tilgangi að hafa áhrif á ákvörðun þeirra um að eiga viðskipti. Í 2. mgr. 9. gr. kemur fram að viðskiptahættir séu villandi ef ekki er greint frá upplýsingum sem telja megj að almennt skipti máli fyrir neytendur og þær eru til þess fallnar að hafa áhrif á ákvörðun neytenda um að eiga viðskipti. Í 17. gr. laganna er kveðið á um að fyrirtæki sem selji vörur eða þjónustu til neytenda, skuli verðmerkja vöru sína og þjónustu með verði eða sýna það á svo áberandi hátt á sölustaðnum að auðvelt sé fyrir neytendur að sjá það. Á grundvelli 17. og 18. gr. laganna hefur stofnunin sett reglur nr. 537/2011, um verðupplýsingar við sölu á þjónustu. Í 1. mgr. 4. gr. reglnanna segir að verðskrá yfir alla framboðna þjónustu skuli ávallt vera birt með áberandi hætti þar sem þjónustan er veitt og skuli verðskráin vera skýr, aðgengileg og greinileg þannig að ljóst sé hvaða þjónustu verðmerkingin eigi við.



24. Á seljendum hvílir afdráttarlaus skylda til að upplýsa neytendur um endanlegt verð eða, ef ómögulegt er að tilgreina endanlegt verð fyrirfram, alla þá þætti sem áhrif hafa á endanlegt verð, áður en gengið er til viðskipta. Skyldan til að birta upplýsingar um verð þjónustu felur því ekki aðeins í sér skyldu til að birta þær heldur fylgir því jafnframt að upplýsingarnar þurfi að vera auðsjáanlegar og þannig háttað að neytendur eigi að geta séð verð þjónustunnar með auðveldum hætti og án fyrirhafnar.
25. Í svörum Sannra Landvætta hefur verið vísað til þess að auk skiltis við innkeyrslu á gjaldskyld svæði sé að finna skilti við greiðsluvél þar sem kveðið er á um gjalddöku og neytendur upplýstir um aðrar greiðsluaðferðir. Að auki séu skilti á gönguleiðum um svæðin með QR kóða sem leiðir inn á vefsíðu Sannra Landvætta þar sem hægt sé að ganga frá greiðslu sem og upplýsingar um verð og aðra gjalddöku. Þá kom fram að félagið hafi ákveðið að grípa til frekari aðgerða til að koma til móts við athugasemdir Neytendastofu og feli aðgerðirnar m.a. í sér að fækka orðum á skiltum við innkeyrslu og að leturstærð vegna fjárhæðar vangreiðslugjalds verði stækkuð til samræmis við önnur gjöld sem tilgreind séu á skiltunum. Við meðferð málsins barst stofnuninni mynd af uppfærðum skiltum þar sem aukagjald var tilgreint innan um annan texta skiltanna.
26. Þegar litið er til stærðar leturs og staðsetningu upplýsinga um vangreiðslu- eða aukagjald á upplýsingaskilti við innkeyrslu á gjaldskyld bílastæði Sannra Landvætta telur Neytendastofa upplýsingum um vangreiðslugjald ekki komið á framfæri við neytendur með skýrum og auðsjáanlegum hætti. Þá getur Neytendastofa ekki fallist á að nægilegt sé að birta upplýsingar um að í tilteknum tilvikum kunni aukakostnaður að leggist á neytendur í formi QR kóða innan svæðisins eða við greiðsluvél enda hefur neytandi á þeim tímapunkti þegar tekið ákvörðun um viðskipti byggða á upplýsingagjöf á skilti við innkeyrslu.
27. Hvað færslugjöld varðar telur Neytendastofa, með hliðsjón af svörum félagsins og aðstæðum í máli þessu sem og að teknu tilliti til úrskurða áfrýjunarnefndar neytendamála í málum nr. 3/2025 og 5/2025 ekki koma til frekari álita upplýsingagjöf um færslugjöld þegar notast er við greiðslulausn þriðja aðila á gjalddökustöðum félagsins enda er síðarnefnda félagið sjálfstætt fyrirtæki gagnvart Sönnum Landvættum.
28. Með vísan til framangreinds hafa Sannir Landvættir ehf. brotið gegn ákvæðum 1. mgr. 8. gr. og 2. mgr. 9. gr., sbr. 5. gr., og 17. gr. laga nr. 57/2005 auk 1. mgr. 4. gr. reglna nr. 537/2011 með því að birta ekki upplýsingar um vangreiðslugjald með áberandi og auðsjáanlegum hætti á gjaldskyldum bílastæðum félagsins.
29. Í ljósi þeirra upplýsingagjafar félagsins um að engir neytendur hafi þurft að greiða fyrir viðveru á bílastæði Viking Park hjá Hjörleifshöfða meðan merkingar voru ekki til staðar og



þeirra aðgerða sem félagið greip til telur stofnunin að svo stöddu ekki tilefni til að fjalla nánar um þann hluta málsins að engar merkingar hafi verið til staðar við bílastæðið.

30. Undir rekstri málsins tóku gildi ný markaðssetningarlög nr. 44/2026 en við gildistöku þeirra féllu úr gildi lög nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu. Breytingarnar sem innleiddar voru með lögum nr. 44/2026 höfðu ekki í för með sér efnislegar breytingar er viðkemur viðskiptaháttum fyrirtækja, líkt og um er deilt í fyrirliggjandi máli, sbr. ákvæði þágildandi laga nr. 57/2005.
31. Með vísan til a. liðar 2. mgr. 30. gr. markaðssetningarlaga nr. 44/2026 telur stofnunin rétt að banna Sönnum Landvættum að viðhafa framangreinda viðskiptahætti og beinir jafnframt stofnunin þeim fyrir mælum til Sannra Landvætta að bæta upplýsingagjöf til samræmis við ákvörðun þessa.
32. Við ákvörðun stjórnarsýsluviðurlaga tekur Neytendastofa mið af meginreglu 2. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 um lagaskil refsilöggjafar (*lex mitior*). Brot vörðuðu stjórnvaldssektum samkvæmt ákvæði a. liðar 1. mgr. 22. gr. laga 57/2005 en sektarrámmi vegna þeirra var hækkaður sbr. 3. mgr. 33. gr. laga nr. 44/2026. Af framansögðu verður með hliðsjón af 2. gr. almennra hegningarlaga tekið mið af ákvæðum laga nr. 57/2005 við ákvörðun fjárhæðar stjórnvaldssektar en í því felst lægri sektarrámmi en núgildandi ákvæði laga nr. 44/2026 kveða á um.
33. Með vísan til framangreinds og með heimild í 3. mgr. 33. gr. laga nr. 44/2026 telur Neytendastofa rétt að leggja á sekt í samræmi við heimildir laganna. Með vísan til framangreindra sjónarmiða telur Neytendastofa brot Sannra Landvætta alvarlegt og til þess fallið að raska verulega fjárhagslegum hagsmunum neytenda auk þess að teljast til villandi viðskiptahátta. Að teknu tilliti til þessa, umfangs brotsins, umbótavilja og þeirra aðgerða félagsins í kjölfar athugasemda stofnunarinnar og jafnræðis- og meðalhófsreglu stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 telur Neytendastofa hæfilegt að leggja á Sanna Landvætti ehf. stjórnvaldssekt að fjárhæð 250.000 kr. (tvö hundruð og fimtíu þúsund krónur) sbr. 33. gr. laga nr. 44/2026.

### III.

#### Ákvörðunarorð:

**„Sannir Landvættir ehf., Askalind 1, 201 Kópavogi, hafa með því að birta ekki upplýsingar um vangreiðslugjald með áberandi og auðssjáanlegum hætti á skiltum við innakstur gjaldskyldra bílastæða brotið gegn ákvæðum 1. mgr. 8. gr. og 2. mgr. 9. gr., sbr. 5. gr., og 17. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og**



markaðssetningu, auk 1. mgr. 4. gr. reglna nr. 537/2011, um verðupplýsingar við sölu á þjónustu.

Með heimild í a. lið 2. mgr. 30. gr. markaðssetningarlaga nr. 44/2026 bannar Neytendastofa Sönnum Landvættum ehf. að viðhafa framangreinda viðskiptahætti og beinir þeim fyrirmælum til Sannra Landvætta ehf. að bæta upplýsingagjöf til samræmis við ákvörðun þessa.

Með heimild í 33. gr. markaðssetningarlaga nr. 44/2026 leggur Neytendastofa stjórnvaldssekt á Sanna Landvætti að fjárhæð 250.000 (tvö hundruð og fimtíu þúsund krónur). Sektina skal greiða í ríkissjóð eigi síðar en þremur mánuðum frá dagsetningu ákvörðunar þessarar.“

Neytendastofa, 29. júní 2026

Þórunn Anna Árnadóttir  
forstjóri

Matthildur Sveinsdóttir